

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í Stjórnartíðindum EB, EES viðbættum. Skráningarstofan hf. veitir nánari upplýsingar um efni einstakra tilskipana og hvar þær er að finna.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Guðni Karlsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menntunarsjóð málm- og véltæknigreina.

1. gr.

Fræðsluráð málmíðnaðarins stofnar hér með sjóð til að sinna fræðslumálum í málm- og véltæknigreinum ásamt netagerð.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður málm- og véltæknigreina. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000 -fimm hundruð þúsund 00/100- og skal það mynda höfuðstól hans. Stofnfé sjóðsins skal ávallt haldast óskert að raungildi. Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, frjáls framlög m.a. í formi tækja, búnaðar og kennslugagna ásamt söluhagnaði eigna.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styðja fræðslustarf í málm- og véltæknigreinum ásamt netagerð m.a. með því að leggja til tæki, búnað og kennslugögn sem notuð verða við starfsnám.
2. Að hafa umsjón með framlagi sjóðsins til starfsnáms í greinunum.
3. Að stuðla að aukinni menntun í málm- og véltæknigreinum ásamt netagerð.
4. Að styrkja rannsóknir og nýjungar tengdar iðnaðinum.
5. Að efla starfsemi, sem eykur tengsl skóla og atvinnulífs.
6. Að styrkja efnilega nemendur til framhaldsnáms og veita viðurkenningu þeim, sem skara fram úr í námi í málm- og véltæknigreinum sem og netagerð.
7. Að styrkja verkefni, sem stuðla að bættu öryggi og aðbúnaði í greinunum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 5 mönnum. Samtök iðnaðarins og Samiðn, samband iðnfélaga, tilnefna 2 fulltrúa hvort til tveggja ára. Í fyrsta sinn er annar fulltrúi þessara tveggja aðila tilnefndur til eins árs og hinn til tveggja ára. Þá skal framkvæmdastjóri Fræðsluráðs málmíðnaðarins sitja í stjórn. Stjórnin kys sér formann og ritara og skal formennskan skiptast milli Samiðnar og Samtaka iðnaðarins. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þörf krefur þegar formaður eða tveir stjórnarmenn óska þess.

Varastjórnendur skulu tilnefndir með sama hætti og aðalstjórnendur og skal Fræðsluráð málmíðnaðarins tilnefna varamann framkvæmdastjórans.

Fundur stjórnar telst lögmætur ef meirihluti stjórnar situr fund og til hans hefur verið boðað með lögmætum hætti.

Færa skal til bókar allar ákvarðanir stjórnarinnar. Fjöldi atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem stjórnin tekur til afgreiðslu.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjármunum, rekstri og stjórnun sjóðsins og er í forsvari fyrir hann út á við.

Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárfestingar, ráðstöfun úr sjóðnum og mótar stefnu sjóðsins á hverjum tíma í samræmi við stofnskrá þessa, ásamt því að setja sér starfsreglur að öðru leyti.

Dagleg starfsemi sjóðsins verður í höndum Fræðsluráðs málmíðnaðarins í umboði stjórnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðandi sjóðsins skal vera löggiltur endurskoðandi. Reikningana skal leggja fyrir stjórnir Fræðsluráðs málmíðnaðarins, Samtaka iðnaðarins og Samiðnar, sambands iðnfélaga, þeir staðfestir af stjórn sjóðsins og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að ávaxta sjóðinn með bestu fánægum kjörum á hverjum tíma.

8. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar í samræmi við tilgang hans og starfsreglur stjórnar. Stjórnin getur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum til einstakra verkefna.

9. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef nauðsyn krefur og 4/5 stjórnarmanna eru sammála. Breytingar á skipulagsskránni eru gerðar samkvæmt lögum nr. 19/1988 og skulu hljóta samþykki dómsmálaráðherra.

11. gr.

Ákveði stjórn sjóðsins að leggja Menntunarsjóð málm- og véltæknigreina niður, skulu þeir aðilar sem tilnefna stjórnarmenn, skipa skilanefnd til að annast uppgjör á sjóðnum og slit hans. Við uppgjörið skal þess gætt að eignir sjóðsins nýtist áfram í sama tilgangi og getið er í skipulagsskrá þessari.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.